

**Ed.**

**438. Frumvarp til laga**

[250. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

**1. gr.**

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjóranann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Einn eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands.

Einn eftir tilnefningu Mótórvélstjórafélags Íslands.

Einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.

Einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Einn skal skipaður til eins árs í senn eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans.

Hinn sjötta skipar ráðherra til fjögurra ára án tilnefningar, og skal hann vera formaður skólanefndar.

Sex varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Vélskóla Íslands og er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur á undanförunum árum, að nemendur eigi fulltrúa í skólanefndum eða skólaráðum. Menntamálaráðuneytið álitur þessa stefnu eðlilega, og með það sjónarmið í huga er þetta lagafrumvarp flutt.